

62. stjórnarfundur Þekkingarsetursins Nýheima  
27. 1. 2016 kl. 8:00

Fundarstjórn: Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir


Ritari: Davíð Arnar Stefánsson

Forfölluð/-aður: Eyjólfur Guðmundsson, Þorvarður Árnason og Bryndís Björk

Efni:

- Þorri gerði grein fyrir hugmyndum um samstarf við Em Jackson, doktorsnema frá University of Oregon í jöklafræði, staðsettri á Höfn þar sem hún vinnur að rannsókn sinni um upplifun heimamanna af loftslagsbreytingum. Samstarfið felur í sér skýrslugerð í tengslum við hugmynd þekkingarsetursins Nýheima, Vatnajökulspjóðgarðs, FAS, Rannsóknarseturs Háskóla Íslands og SVH um lifandi kennslustofur og fræðandi ferðamennsku. Tilgangurinn er að safna upplýsingum um tækifæri í rannsóknum, fræðslu og miðlun upplýsinga um málefni loftslagsbreytinga.
- Óformlegt spjall um heimsókn Þórðar Freys, nýráðins sviðsstjóra Þróunarsviðs SASS, kl. 11:00 þennan sama dag. Til umræðu verður fyrirhugað samstarf SASS og Þekkingarsetursins Nýheima um ráðgjöf og þjónustu.
- Frumkvöðlum og uppfinningafólki verður boðið í eftirmiðdagskaffi í Nýheimum 4. Febrúar kl. 16:00. Markmiðið er koma á fót óformlegum vettvangi fyrir frumkvöðla og efla samvinnu framtaksamra Hornfirðinga.

Önnur mál



Davíð A. Stefánsson